

Nd.

53. Frumvarp til laga

um sérstaka dómþinghá í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Holtshreppur í Skagafjarðarsýslu skal vera sérstök dómþinghá, með þingstað að Ketilási.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Árið 1897 var Holtshreppi í Skagafirði skipt í tvennt, Holtshrepp og Haganeshrepp, en þingstaður Holtshrepps var eftir sem áður í Haganesvík, og hefir engin breyting á því orðið síðan. Af þessu hefir leitt allmikið óhagræði fyrir íbúa Holtshrepps, og hafa þeir nú komið sér upp fundahúsi að Ketilási, þar sem fundir allir um sveitarmálefni eru að sjálfsögðu haldnir. Óska þeir því, að hreppurinn verði sérstök þinghá með þingstað á þessum stað, og virðist eðlilegt, að Alþingi verði við þeirri ósk.